

Kristín Halldórsdóttir

ATVINNUMÁL Á LANDSBYGGDINNÍ

Kvennalistakonur hafa gert margt skemmtilegt og eftirminnilegt sl. 4 ár, en líklega er rútuferðin okkar kringum landið sumarið '84 það allra skemmtilegasta og eftirminnilegasta. Ég er eiginlega enn að iðrast þess, að við skyldum ekki skella okkur annan hring í summar. Þá værum við e.t.v. komnar enn lengra í eflingu Kvennalistans.

En þess vegna nefndi ég kvannarútuna - sällar minningar - hér í upphafi máls, að það var einkum tvennt, sem alls staðar var efst á baugi, hvar sem við komum og á öllum fundum: Það var ástand menntunarmála og fábreytni atvinnulífsins.

Á fyrra atriðinu höfum við Kvennalistakonur reynt að taka með ýmsum hætti og m.a. lagt fram sem þingmál beinar tillögur til úrbóta, svo sem um kennslugagnamiðstöðvar í öllum fræðsluumdæmum, um markvissa fjölgun skólaselja og um fjarnám, en það mundi að okkar mati gjörbreyta ástandinu og jafna aðstöðumun dreifbýlis- og péttbýlisbúa. Auk þess höfum við reynt að knýja á um bætt kjör kennara, en ástandið í þeim efnum kemur hart niður á landsbyggðinni.

Á síðarnefnda atriðinu, þ.e. fábreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni, er erfiðara að taka með beinum hætti. Þó er rétt að minna á tillögur okkar um eflingu ferðapjónustu, sem er vaxandi atvinnugrein um allt land, og varðar miklu, að staðið sé skynsamlega að allri uppbyggingu í þeirri grein. Þar held ég, að sé nú brýnast að efla menntun og þekkingu þeirra, sem starfa í ferðapjónustu, og vona ég, að við komum því í verk að leggja fram tillögu á Alþingi sem allra fyrst til að ýta við þeim málum.

Atvinnulífið á landsbyggðinni hefur frá upphafi byggst á landbúnaði og sjávarútvegi að langstærstum hluta, og svo verður vafalaust áfram næstu áratugi. Þessar atvinnugreinar ganga nú í gegnum afdrifaríkt breytingaskeið, fyrst og fremst - og mér liggur við að

segja eingöngu - vegna nýrrar og aukinnar tækni, sem hefur eðlilega valdið því, að nú þarf miklu færra fólk til að framleiða miklu meiri afurðir.

Þessu skeiði er auðvitað langt frá því lokið. Og við verðum að horfast í augu við staðreyndirnar og gera okkur grein fyrir afleiðingum tæknivæðingarinnar og bregðast við þeim. Það er ákaflega mikilvægt, að konur láti sig þetta varða, en horfi ekki aðgerðarlausar á þróunina, bara vegna þess að þær eru ekki spurðar. Það skiptir öllu máli, að konur fari að ráða einhverju í atvinnulífinu. Eða eins og ég skrifaði niður eftir, að ég held, Elínu G. Ólafsdóttur í gær, þegar hún hélt sitt ágæta og vekjandi erindi: "Pátttaka í stjórnun auðlindanna skiptir meira máli en pátttakan í störfunum sjálfum". Ég vona, að þetta sé rétt eftir haft.

Við Kvennalistakonur í Reykjanesanga héldum tvær ráðstefnur í haust, eina 6. sept. í Keflavík og aðra í Hafnarfirði 18. október. Þær fjölluðu um atvinnumál með sérstöku tilliti til kvenna. Það var tilraun af okkar hálfu til að vekja athygli á vinnuframlagi kvenna í öllum mögulegum greinum og hvetja konur til meiri pátttöku og virkni við mótnun stefnunnar í atvinnulífinu.

Við vorum í raun og veru að spyrja konur ráða, leita svara þeirra við spurningum um það, hvað væri að gerast í hinum ýmsu atvinnugreinum, hvernig þróunin að öllum líkindum yrði og hvern hlut konur ætluðu sér í þeirri þróun.

Mér fannst verulegt gagn að þessu ráðstefnuhaldi, ráðstefnurnar voru skemmtilegri og gagnlegri en flestar aðrar ráðstefnur, sem ég hef setið, og ég vil hvetja Kvennalistakonur í öðrum öngum til að gera eitthvað svipað. Þær voru reyndar á undan okkur, konur á Suðurlandi, héldu mjög góða ráðstefnu fyrr á árinu á Selfossi, og ég er handviss um, að það framtak varð þeim til framdráttar og eflingar í kosningarbaráttunni á sl. vori.

Hins vegar eru aðstæður alls ekki alls staðar þær sömu. Þær eru t.d. ótrúlega ólíkar innan

Reykjaneskjördæmis. Það höfum við lært þessi ár, sem Kvennalistinn hefur starfað í því kjördæmi, og við fengum staðfestingu á því í þessu ráðstefnubrölti okkar í haust. Aðstæðurnar eru svo allt aðrar í byggðunum kringum höfuðborgina heldur en þær eru á Suðurnesjunum, og þær eru allt aðrar, þegar komið er enn lengra út á landsbyggðina.

Það sem einkennir atvinnulífið víða á landsbyggðinni, eins og ég gat reyndar um áðan, er fábreytnin, og við erum oft minnt illilega á þá staðreynd. Það er víða svo fábreytt, að heilt byggðarlag getur oltið á afkomu eins fyrirtækis.

Dæmi um það er t.d. Þörungaverksmiðjan á Reykhólum, en kringum hana hefur byggst upp töluverður kjarni, sem hreinlega á allt sitt líf undir þessari starfsemi og engu öðru.

Við minnumst þess líka, þegar prjónastofan í Vík í Mýrdal lenti í erfiðleikum og varð að hætta um skeið. Þá kom bara í ljós, að það snerti u.p.b. priðjung íbúa staðarins, ef ég man rétt.

Og svo þarf auðvitað ekki að vera um hreint fyrirtæki að ræða. Það getur líka verið t.d. skólastetur, og þá er ég t.d. með huga skólastrið í heimabyggð minni og okkar Málmfríðar (æskustöðvum), p.e. á Laugum í S.-Þingeyjarsýslu. Þar hefur um áratugi verið helsta menntasetur sýslunnar, héraðsskóli, húsmæðraskóli, barnaskóli, íþróttaaðstaða, elsta yfirbyggða sundlaug landsins, og þarna er töluverður byggðakjarni, sem fyrst og fremst á tilveru sína að pakka allri þessari starfsemi kringum skólana. Með breyttum aðstæðum í mennta- og skólamálum hafa þarfir og kröfur breyst, og nú er þetta gamla, góða menntasetur í hættu og þar með þessi blómlegi byggðakjarni.

Þannig getur þróunin oft verið býsna sársaukafull, og auðvitað reynum við að grípa í taumana, þegar slíkt gerist. Því miður getur það líka snúist í höndum okkar, þegar verið er að reyna að bjarga einhverju, sem aldrei getur borið sig, og á endanum verður það, sem eitt sinn var bjargráð, að óviðráðanlegu skrýmsli.

Nú, en við vitum, hvað er að gerast í landbúnaðinum

núna. Þar er virkilega verið að reyna að mæta þeim vanda, sem orðinn er, m.a. með fjölgun búgreina. En um þetta hefur Inger þegar fjallað, og ég verð að segja, að við þessar "menntuðu miðstéttarkellíngar" hérna á þungavigtarhorninu eru ákaflega ánægðar með að hafa náð tengingu við kraftmiklar konur með báða fætur í íslenskri mold.

Hins vegar þjáumst við illa af sambandsleysi við konur með saltbragð í munni og kjarnyrt málfar fiskvinnslukvenna. En slíkar konur eru víst ekki heldur virkar í gömlu flokkunum. Mér segir svo hugur, að þær hafi einhverjum öðrum hnöppum að hneppa.

Í sjávarútveginum er ekki síður umbrotatími en í landbúnaðinum. Það er ekki langt síðan menn trúðu því svona almennt, að fiskstofnarnir kringum landið væru óþrójtandi auðlind og að við þyrftum aðeins að veiða þeim mun fleiri fiska, sem fólkini fjölgaði og kröfurnar ykjast.

Ég þarf ekki að minna fund á það, hvað sjávarafurðir vega þungt í útflutningstekjum okkar, eða um 75%. Nú er hins vegar svo komið, að við getum ekki vænst þess, að ná fram aukningu útflutningstekna með aukinni sókn og auknum afla, heldur fyrst og fremst með bættri nýtingu og betri meðferð aflans. Það er þó heldur ólíklegt, að þar verði um nokkra fjölgun starfa að ræða, enda vafasamt, að af því yrði nokkur ávinningur.

Ég ætla ekki að fjölyrða um fiskvinnslu og nýjar leiðir í þeirri grein, en benda ykkur á, að í næstu VERU verður umfjöllun um atvinnumál, sem að miklu leyti er byggð á þessu ráðstefnuhaldi okkar í Reykjanesinu, og þar er m.a. grein um þróunina í fiskvinnslunni, sem ég hvet ykkur til að lesa og kynna ykkur, því þar kemur margt athyglisvert fram.

Til skamms tíma var álitið, að það yrði iðnaðurinn, bæði stóriðja og smáiðnaður, sem tæki við fólksfjölgun á vinnumarkaðinum. Reyndin er þó alls ekki sú. Ný störf verða fyrst og fremst til í þjónustugreinunum, þ.e. verslun og viðskiptum, ráðgjöf og tölvuvinnslu og hvers konar annarri þjónustu. Á tímabilinu 1975-1979 urðu 79% nýrra starfa í þjónustugreinum, en það hlutfall var komið í 94% árið 1984. Ekkert bendir til annars en að þessi

þróun haldi áfram, en hún hefur einmitt verið landsbyggðinni ákaflega óhagstæð, því þessi störf hafa að miklum meiri hluta orðið til á höfuðborgarsvæðinu.

Það er því algjört meginatriði að finna leið til að auka hlutdeild landsbyggðarinnar í þeirri atvinnusköpun, sem á sér stað í þjónustugreinunum, og ég hef hallast að þeirri skoðun, að veigamikill þáttur í því væri að koma á þriðja stjórnsýslustigini. Ég hef grun um, að um það verði fjallað hér á eftir og ætla því ekki að fjölyrða um það frekar núna.

Ég held sem sagt, að það sé einkum tvennt, sem skipti meginmáli fyrir þróun atvinnumála á landsbyggðinni, og það er í fyrsta lagi hvernig til tekst með eflingu nýrra búgreina og í öðru lagi að landsbyggðin fái aukna hlutdeild í þeirri atvinnusköpun, sem er í þjónustugreinunum.

Um þetta mætti hafa miklu, miklu fleiri orð og langar ræður, og mér finnst eiginlega ófært að ræða svona stórmál á örfáum mínútum. En ég ætla aðeins að drepa á eitt að lokum, sem skipti miklu máli fyrir stefnu okkar í atvinnumálum.

Þegar fjallað er um atvinnulíf, hvort sem er í þéttbýlinu við Faxaflóann eða í dreifðari byggðum landsins, þá verðum við að átta okkur á því, hvernig hægt er að hafa áhrif á þróun og uppbyggingu og taka afstöðu til þess, hvort slík áhrif eru yfirleitt æskileg.

Við höfum tölvert rætt þessi mál í Reykjanesanganum, og við höfum, held ég, komist að þeirri niðurstöðu, að stjórnvöld eigi helst ekki að hafa áhrif í þeim efnum með beinum hætti, og þá á ég t.d. við, að það sé ekki verið að mismuna atvinnugreinum með alls kyns ívilnunum, t.d. niðurfellingu aðflutnings- og sölugjálda, með styrkjakerfi, skattaívilnunum, sérstakri lánafyrirgreiðslu við eina atvinnugrein umfram aðra o.s.frv. o.s.frv. Við teljum, að frumkvæðið eigi að vera í höndum fólksins sjálfs, stjórnvöld eigi að skapa jarðveginn með heilbrigðri efnahagsstefnu, þeim beri að kosta ráðgjöf og fræðslu, og þau eigi að styðja og efla atvinnulífið með því að standa myndarlega að menntun og rannsóknarstarfsemi.